



Skýrsla æskulýðsnefndar 2022–2023

Æskulýðsnefnd Sóta stóð fyrir nokkrum viðburðum veturinn 2022–2023. Meðalaldur barna og unglunga sem stunda virka hestamennsku hjá félaginu hefur hækkað og var áhersla lögð á reiðkennslu fremur en viðburði sem höfða til yngstu kynslóðarinnar.

Á vegum æskulýðsnefndar voru haldin fjögur námskeið:

Í mars var haldið tveggja daga námskeið hjá Hrafnhildi Helgu Guðmundsdóttur reiðkennara þar sem kennd var notkun brokkspíra. Námskeiðið skiptist í bóklega og verklega kennslu í notkun brokkspíra og hindrana í þjálfun. Námskeiðið tókst mjög vel, vakti lukku og tóku allir í æskulýðshópnum þátt.

Í mars og apríl var haldið sex vikna reiðnámskeið hjá Sigrúnu Sigurðardóttur reiðkennara. Um var að ræða einkatíma sem sniðnir voru að þörfum hvers og eins. Börn og unglingar höfðu forgang á námskeiðið en það var öllum opið.

Í mars og fram í maí voru haldin tvö sex vikna reiðnámskeið hjá Atla Guðmyndssyni reiðkennara. Um var að ræða einkatíma sem sniðnir voru að þörfum hvers og eins. Börn og unglingar höfðu forgang á námskeiðið en það var öllum opið.

Í apríl var haldið grunnnámskeið þar sem farið var í hvernig hægt er að notast við vinnu við hendi til að hjálpa hestinum að skilja grunnábendingar og að ná betri stjórn á yfirlínu og andlegu og líkamlegu jafnvægi. Einnig var farið í grunnatriði í hringteymingum og hvernig hægt er að nota það sem viðbót við fjölbreytta þjálfun til að byggja upp réttu vöðvana í hestinum. Kennari var Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir reiðkennari.

Undanfarin ár hafa verið haldin námskeið í knapamerkjum hjá Sóta en þátttaka síðastliðinn vetur var ekki næg. Í samvinnu við Hestamannafélagið Sörla var einn nemandi frá Sóta sem sótti námskeið þar.



Þátttaka á brokkspírunámskeiðinu var mjög góð og vakti námskeiðið mikla lukku.

Þann 8. apríl var blásið til páskaeika í reiðhöllinni fyrir yngri kynslóðina. Sett var upp þrautabraut fyrir hest og knapa og allir þátttakendur fengju páskaþing. Allir Sótakrakkar voru hvattir til að taka þátt og mæta á uppáhaldshestinum ásamt aðstoðarmanni.

Vonir standa til að á komandi tímabili bætist aðeins í yngri hóp iðkennda, þ.e. barna- og pollaflok sem hefur verið mjög faliðaður og varla til staðar og verður spennandi að fá þau inn í starfið.

Í æskulýðsnefnd Sóta veturinn 2022–2023 sátu eftirfarandi:

Ásdís Hreinsdóttir  
Elfur Erna Harðardóttir  
Erna Björk Jónasdóttir  
María Harðardóttir  
Soffía Eydís Björgvinsdóttir



*Páskasprell æskulýðsnefndar fór fram í reiðhöllinni 8. apríl 2023. Þar komu saman hressir krakkar á aldrinum 6–17 ára sem skemmtu sér við að taka þátt í þrautabraut sem sett var upp fyrir hesta og knapa. Allt gekk með þryði, hver og einn naut sín og allir fóru sáttir heim með páskaegg.*